

Mál nr. 416/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5. nóvember 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 15. desember 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. desember 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 27. desember 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 23. maí 2023 hafi skolið á mikið óveður og hafi nágranni M látið hann vita að trampólín hafi fokið á bifreiðina X sem er í eigu M. Hljóp M samstundis út og sá trampólínið fjúka í burtu og yfir í næstu götu. Tilkynnti M tjónið til V með rafrænni tjónstilkynningu strax eftir atvikið. Bótaskylda var viðurkennd hjá V úr kaskótryggingu bifreiðarinnar og leitaði M til verkstæðis vegna viðgerðar á því tjóni sem varð á á bifreiðinni. M telur að enn séu til staðar skemmdir á bifreiðinni eftir að viðgerð lauk og nefnir þar m.a. afturhlera og afturrúðu.

V vísar til upplýsinga sem fram koma í tjónstilkynningu vegna atviksins. Í tilkynningunni hafi M merkt við skemmdir á hægri framhorni, hægri framhurð og þaki bifreiðarinnar. Hafi M í síðari tölvupóstsamskiptum sínum við V talað um tjón umhverfis bifreiðina og á toppi hennar. M hafi farið með bifreiðina í tjónaskoðun og hafi tjónamatsmenn V farið yfir tjónamatið með hliðsjón af viðbótarupplýsingum um tjónið. Hafi V ekki fallist á að bæta ákomur á þremur stöðum á bifreiðinni, enda var það mat V að þær ákomur tengdust ekki umræddu tjóni. Að mati V hafi M fengið tjónið að fullu bætt úr kaskótryggingu bifreiðarinnar og hafnar V því frekari kröfum um greiðslu bóta.

Í viðbótarathugasemdum M vísar hann til þess að V hafi ekki fjallað um afturhlera og afturrúðu auk þess sem ekki er minnst á rispur á afturstuðara sem ekki eru vegna grjótkasts.

Í viðbótarathugasemdum V er vísað til þess að því miður ekki ekki náðst nægilega góðar myndir af skemmdum á afturrúðu og því óljóst hvert tjónið er og hversu umfangsmikið. Hins vegar megi greina rispur á afturhlera, örfínar rispur sem liggja niður á við til hægri. Að mati tjónamatsmanna V passa þær skemmdir ekki við umrætt tjón.

Álit.

Ekki ágreiningur um að M eigi að fá tjón sitt bætt úr kaskótryggingu hjá V. Ágreiningur lítur að því hvort sú viðgerð sem fram fór á bifreiðinni hafi verið fullnægjandi á þann hátt að tjónið teljist vera fullbætt. Með gögnum málsins fylgdi myndband af umræddu trampólíni vera að fjúka um en tjónsatvikið sjálft sést ekki á myndbandinu. Af myndbandinu má sjá að um stórt trampólín var að ræða, sem er með fjórum fótum og neti. Getur slíkt trampólín hæglega lagst yfir bifreiðina X. Af þeim myndum sem fylgdu málskoti M má sjá rispur á bifreiðinni sjálfri og á afturrúðu sem að mati nefndarinnar ekki er hægt útloka að séu ekki af völdum umrædds trampólíns. Hefur M því leitt nægjanlega í ljós að tjón hans sé ekki að fullu bætt. Teljast þannig vera meiri líkur en minni á að það sé frekara tjón á bifreiðinni enn til staðar sem V beri að bæta þó ekki liggi fyrir hvert umfang þess tjóns kann að vera. M á því rétt á frekari bótum úr kaskótryggingu ökutækisins hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á frekari bótum úr kaskótryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir